

## Hverfisráð Breiðholts

Árið 2015, fimmtudaginn 8. janúar kl. 16:15, var haldinn 107. fundur hverfisráðs Breiðholts. Fundurinn var haldinn í G-sal í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi. Mætt voru Nichole Leigh Mosty formaður, Sigmundur Þórir Jónsson, Aðalheiður Franzdóttir, Sigþór Ágústsson og Jórunn Pála Jónsdóttir. Rafn Einarsson sat fundinn sem áheyrnarfulltrúi Framsóknar og flugvallarvina. Fannar Freyr Eggertsson og Snorri Freyr Vignisson sátu fundinn sem áheyrnarfulltrúar Ungmennaráðs Breiðholts. Arnar Snæberg Jónsson verkefnastjóri sem ritaði fundargerð. Formaður bauð fundargesti velkomna. Þá var gengið til dagskrár.

### Þetta gerðist:

1. Val á tillögum v/ Betri hverfi

Farið yfir tillögur um framkvæmdir í hverfinu eftir athugasemdir og skoðun fagteymis. Tuttugu hugmyndum var stillt upp til kosninga eftir ítarlegar umræður og samhljóða samþykki ráðsins.

Samþykkt var að formaður útbúi tillögu að athugasemd frá hverfisráði vegna verkferla og svigrúms til að fjalla um hugmyndir í verkefninu Betri hverfi. Hún verði lögð fyrir á næsta fundi hverfisráðs.

Fleira ekki tekið fyrir.

### Fundi slitið kl. 18.05.

Nichole Leigh Mosty

Sigmundur Þórir Jónsson  
Sigþór Ágústsson

Aðalheiður Franzdóttir  
Jórunn Pála Jónsdóttir